Ed. **252. Þingsályktun**

um sparnað við starfrækslu ríkisrekstrarins.

(Afgreidd frá Ed. 29. mars).

Efri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að taka til rækilegrar yfirvegunar, hversu spara megi útgjöld ríkissjóðs við starfrækslu í hinum ýmsu greinum ríkisrekstrarins, svo sem í umboðs- og dómsmálum, heilbrigðismálum, kirkju- og kenslumálum og samgöngumálum. Telur deildin æskilegt, að stjórnin neyti til þessa aðstoðar nefndar eða nefnda, og væntir hún, að það geti orðið án nokkurs verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð.